

# „ALLT SEM ÉG ÞRÁI“: MENNTUN OG SKÓLAGANGA BARNNA SEM LEITA ALPJÓÐLEGRAR VERNDAR Á ÍSLANDI

Börn sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi eiga rétt á skólagöngu og viðeigandi menntun eins og önnur börn. Engu að síður hefur hvorki verið samræmd né skýr stefna um það hvernig menntun barna í þessari stöðu skuli háttað hér á landi. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa og greina upplifun og reynslu barna og foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi af menntun og skólagöngu hérlendis. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 12 börn og foreldra þeirra síðla árs 2015. Niðurstöðurnar sýna að skólaganga, menntun og félagsleg samskipti hafa jákvæð áhrif á sálfélagslega vellíðan barnanna, til dæmis töldu foreldrarnir sem rætt var við að skólaganga, menntun og félagsleg samskipti hefðu dregið úr leiða, áhyggjum og aðgerðaleysi barnanna. Mikilvægt er að kennarar séu vakandi fyrir sérstökum þörfum barna með flóttabakgrunn og að þeir fái viðeigandi fræðslu og stuðning til þess að koma til móts við þær.

Efnisorð: börn, alþjóðleg vernd, foreldrar, menntun, skóli, hælisleitendur

## INNGANGUR

Umsækjandi um alþjóðlega vernd er einstaklingur sem hefur flúið heimaland sitt og lagt fram umsókn hjá stjórnvöldum annars ríkis um að fá viðurkennda stöðu flóttamanns og dvalarleyfi í viðkomandi ríki (Rauði krossinn, e.d.; UNHCR, e.d; Útlendingastofnun, e.d.a). Mikil aukning hefur orðið á umsóknum um alþjóðlega vernd hér á landi á síðustu misserum, þar á meðal umsóknum barnafjölskyldna og fylgdarlausra barna. Árið 2015 voru 79 börn á meðal umsækjenda, 249 börn árið 2016 og í nóvember 2017 höfðu 138 börn sótt um alþjóðlega vernd í fylgd foreldra, en auk þess hafa samtals 39 drengir og tvær stúlkur án fylgdar fullorðinna sótt um alþjóðlega vernd hér á landi frá 2016 (Útlendingastofnun, 2017). Skýrt er kveðið á um það í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi árið 2013 (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013), að aðildarríkjum beri skylda til þess að veita börnum og ungmennum aðgengi að grunnmenntun þeim að kostnaðarlausu og möguleika til framhaldsnáms (Barnasáttmáli

Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Með lögfestingu hér á landi tekur Barnasáttmálinn til allra barna sem eru stödd á Íslandi á hverjum tíma, þar með talið barna sem leita alþjóðlegrar verndar (Umboðsmaður barna, 2017). Engu að síður hafa UNICEF, Barnaheill, Rauði krossinn og Umboðsmaður barna í sameiginlegri yfirlýsingu greint frá áhyggjum sínum af því að réttindi barna sem leita alþjóðlegrar verndar séu ekki virt og stjórnvöld verið hvött til að vanda betur málsmeðferð og þjónustu er viðkemur börnunum (Rauði krossinn, 2016; UNICEF, 2016).

Á Íslandi er skólaskylda fyrir börn á aldrinum 6–16 ára (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Lög um útlendinga nr. 96/2002 staðfesta að öll erlend börn stödd hér á landi, þ.m.t. börn sem leita alþjóðlegrar verndar, falli undir lög um skólaskyldu og þau eigi því rétt á skólagöngu og menntun (lög um útlendinga nr. 96/2002). Í 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 kemur einnig fram að 16–18 ára ungmenni eigi rétt á menntun við hæfi (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008) en umboðsmaður barna (2017) hefur lýst yfir áhyggjum af því að umsækjendur um alþjóðlega vernd á þeim aldri þurfi að bíða eftir viðeigandi menntun og starfsþjálfun eða fái jafnvel ekki aðgengi að menntun (Kennarasamband Íslands, 2017). Þann 1. janúar 2017 tóku gildi ný lög um útlendinga sem staðfesta rétt barna sem leita alþjóðlegrar verndar til skólagöngu og menntunar (lög um útlendinga nr. 80/2016). Í 27. grein nýrrar reglugerðar um útlendinga segir að „Útlendingastofnun skal tryggja að barn sé að jafnaði ekki lengur en fjórar vikur í umsjá stofnunarinnar án þess að vera komið í almennan skóla eða annað úrræði til menntunar“ (reglugerð um útlendinga nr. 540/2017). Einnig er tekið fram að barn eigi helst að vera komið í almennan skóla innan 12 vikna frá komu til landsins.

Útlendingastofnun sinnir þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd auk þriggja sveitarfélaga sem stofnunin hefur gert sérstaka þjónustusamninga við, en þau eru Hafnarfjörður, Reykjavík og Reykjanesbær. Félagsþjónusta sveitarfélaganna á að veita umsækjendum um alþjóðlega vernd grunnþjónustu, en í henni felst til dæmis leikskóla- og grunnskólaganga barna (Útlendingastofnun, e.d.b). Aftur á móti hefur fjölgun umsókna barnafjölskyldna leitt til þess að Útlendingastofnun hefur ekki náð að tryggja börnum sem leita alþjóðlegrar verndar skólagöngu og hafa sum þeirra verið án skólagöngu svo vikum eða mánuðum skiptir á meðan börn sem njóta þjónustu sveitarfélaganna hafa haft greiðara aðgengi að skólagöngu og menntun, en engar upplýsingar eru til um fjölda þeirra (Kennarasamband Íslands, 2017). Ástæðurnar eru meðal annars þær að leik- og grunnskólar eru reknir af sveitarfélögum, ekki er samræmi í þjónustu allra barna sem leita alþjóðlegrar verndar og skortur er á samræmdu verklagi og stefnu í þessum málaflokki. Börn sem eru í búsetu hjá sveitarfélögum fara að öllu jöfnu í almennan skóla í því hverfi sem þau búa í. Á þessu er þó undantekning þar sem Hafnarfjarðarbær hefur rekið sérstakt móttökuúrræði frá haustinu 2017, Bjarg, sem er í Hvaleyrarskóla. Ástæða þess að fyrirkomulagið er með öðrum hætti í Hafnarfirði er að fræðsluskylda sveitarfélagsins gildir um öll börn sem sækja um alþjóðlega vernd og búa innan sveitarfélagsins, óháð því hvort það er á vegum Útlendingastofnunar eða sveitarfélagsins. Móttökumiðstöð Útlendingastofnunar er í Hafnarfirði og með þessu móti vildi Hafnarfjarðarbær tryggja skólagöngu fyrir öll börn í leit að alþjóðlegri vernd sem búa í Hafnarfirði og geta tekið á sveiflum í fjölda þessara barna.

Lítið er um rannsóknir á umsóknarferli, aðstæðum og þörfum barna með flóttabakgrunn á Íslandi, hvort sem um ræðir börn sem leita alþjóðlegrar verndar eða börn sem eru með stöðu flóttamanns. Andstætt kvótaflóttamönnum, sem koma til landsins í boði stjórnvalda og fá margvíslegan stuðning við að koma sér fyrir í landinu (Flóttamanna-nefnd, 2013; Velferðarráðuneytið, 2008), koma umsækjendur um alþjóðlega vernd að eigin frumkvæði og leggja fram umsókn um dvalarleyfi á Íslandi. Rannsókn Guðbjargar Ottósdóttur og Helenu N. Wolimbwa (2011) um viðhorf og reynslu 14 barna sem komu sem kvótaflóttamenn á árunum 2001 til 2008 bendir til þess að þættir eins og færni í íslensku og viðhorf jafnaldra og samfélagsins til barnanna hafi áhrif á sálfélagslega vellíðan þeirra og aðlögun hér á landi.

Nýleg rannsókn á aðstæðum, reynslu og upplifun barna og foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi sýnir að ýmsir þættir í umsóknarferlinu hafa áhrif á vellíðan fjölskyldumeðlima (Helga Guðmundsdóttir, 2016). Börnin fengu sjaldan tækifæri til að tjá sig um eigin upplifun, aðstæður og líðan og þau voru að mörgu leyti ósýnileg í umsóknarferlinu. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar, um menntun og skólagöngu barna með flóttabakgrunn, eru einn hluti þessarar rannsóknar. Markmið greinarinnar er að lýsa og greina upplifun og reynslu barna og foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi af menntun og skólagöngu hérlendis, hvort sem þau biðu eftir því að hefja skólagöngu eða voru byrjuð í skóla. Í greininni verður leitað svara við eftirfarandi spurningum: Hvaða hlutverki gegnir skólinn fyrir þessi börn og hver er aðkoma foreldra þeirra? Hvernig getur skólaganga haft áhrif á sálfélagslega vellíðan (e. psychosocial wellbeing) barnanna?

## FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Börn sem leita alþjóðlegrar verndar hafa mismunandi bakgrunn hvað varðar skólagöngu. Sum hafa gengið í skóla í heimalandi sínu og eiga að baki tiltölulega samfelldan skólaferil, meðan skólaganga annarra barna kann að hafa verið ósamfelld eða engin (Dryden-Peterson, 2015; Fazel og Stein, 2002; Humphrey, 2015; Mace, Mulheron, Jones og Cherian, 2014; Tonheim o.fl., 2015). Börn sem áður hafa gengið í skóla þurfa oft að takast á við skólakerfi sem er frábrugðið því sem þau þekkja, með nýjum síðum og tungumáli og þar sem samskipti kennara og nemenda eru öðruvísi en þau hafa átt að venjast (Björnberg, 2013; Dryden-Peterson, 2015; Fazel, 2015; Lewig, Arney og Salveron, 2009; Thomas, 2016). Að auki upplifa börnin oft nýja streituvalda og breytingar, svo sem annars konar hversdagslíf, fátækt, mismunun, ófullnægjandi húsnæði, breytt hlutverk innan fjölskyldunnar og vanlíðan fjölskyldumeðlima, sem geta haft áhrif á sálfélagslega vellíðan þeirra (Fazel, Reed, Panter-Brick og Stein, 2012; Measham o.fl., 2014; Tonheim o.fl., 2015). Sum börn í þessari stöðu þurfa einnig að takast á við fyrri áfallareynslu og biðtíminn eftir svári yfirvalda um stöðu fjölskyldunnar og tilheyrandi óvissa og áhyggjur af framtíð fjölskyldunnar geta einnig haft neikvæð áhrif á líf þeirra (Björnberg, 2013; Fazel o.fl., 2012; Svensson og Eastmond, 2013). Því er talið mikilvægt að kennarar og aðrir sem sinna börnum með flóttabakgrunn hugi vandlega að sálfélagslegri vellíðan þeirra. Hugtakið vísar til samspils sálrænnar reynslu (þar á meðal hugsana og tilfinninga) og félagslegrar reynslu (svo sem að eiga ný félagsleg samskipti og upplifa breyttar hefðir) og áhrifa slíkrar reynslu

á líkamlega, tilfinningalega og andlega vellíðan (Inter-Agency Network for Education in Emergencies, 2010).

Þegar börn sem leita alþjóðlegrar verndar hefja skólagöngu hefur það einnig áhrif á foreldra þeirra. Þátttaka foreldra í menntun barnanna og tengsl þeirra við menntastofnanir eru mismunandi eftir löndum og getur hin nýja skólamenning og hlutverk foreldra í skólasterfinu verið þeim framandi (Block, Cross, Riggs og Gibbs, 2014; Lewig o.fl., 2009; Rah, Choi og Nguyén, 2009). Virk þátttaka foreldra getur þó skipt sköpum fyrir vellíðan barnsins og námsframmistöðu þess (Louie og Davis-Welton, 2016; Martin, Horgan, O’Riordan og Christie, 2016; Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2013; Wilder, 2014). Samkvæmt eiginlegri rannsókn Martins og samstarfsfólks (2016) frá Írlandi eru foreldrar sem sækja um alþjóðlega vernd útsettir fyrir félags- og efnahagslegri útskúfun, til dæmis vegna tungumálaörðugleika og hindrana gegn virkri þátttöku í foreldrafélögum, samtímis því að þeir eiga að aðlagast nýju samfélagi og tileinka sér ríkjandi hegðun og viðmið. Þá gleymist gjarnan það jákvæða sem foreldrarnir hafa fram að færa til samfélagsins.

Það getur verið krefjandi verkefni að skapa tengsl milli skóla og heimilis fjölskyldna sem hafa sótt um alþjóðlega vernd, til dæmis vegna tungumálaörðugleika og menningarmunar, en það er mikilvægt fyrir barnið, foreldrana og skólakerfið að vel takist til (Block o.fl., 2014; Graham, Minhas og Paxton, 2016; Lewig o.fl., 2009; Louie og Davis-Welton, 2016; Whitmarsh, 2011). Í rannsókn Grahams og samstarfsfólks (2016) eru teknar saman niðurstöður 34 rannsókna á námi og námsárangri barna með flóttabakgrunn. Niðurstöðurnar sýna að hvatning foreldra, þátttaka þeirra í námi barnanna, samheldni fjölskyldunnar og stuðningur heima fyrir eru verndandi og hvetjandi þættir fyrir barnið. Þættir sem höfðu neikvæð áhrif á námsárangur barnanna voru meðal annars misskilningur foreldra á námsaðferðum, einelti, staðalímyndir kennara um börn með flóttabakgrunn og litlar eða óraunhæfar væntingar kennara til þeirra, auk fátæktar. Jafningjastuðningur og almennur metnaður barnsins skiptir einnig máli fyrir námsárangur en ekki síður skilningur og þekking kennara á áhrifum menningar og umhverfis á barnið.

Auk menntunar, og í samræmi við lög og námskrár íslenskra skóla, þá gefur skólinn börnum tækifæri til að umgangast jafningja og eignast nýja vini (McCarthy og Marks, 2010; Perez-y-Perez, Marin, Joseph og Evans, 2011; Tonheim o.fl., 2015). Samskipti við skólafélaga geta haft góð áhrif á vellíðan barnanna ef vel tekst til en framkoma skólafélaga við þau skiptir þau miklu máli (Correa-Velez, Gifford og Barnett, 2010; Fazel, 2015; Kia-Keating og Ellis, 2007; Pacione, Measham og Rousseau, 2013; Pastoor, 2015; Pieloch, McCullough og Marks, 2016; Spicer, 2008). Einnig getur þátttaka í tómsundastarfi veitt þessum hópi barna útrás og stuðlað að bættri sálfélagslegri vellíðan þeirra (Beirens, Hughes, Hek og Spicer, 2007; Kalksma-Van Lith, 2007; Tonheim o.fl., 2015).

Kennarar vinna oft með nemendum með mismunandi menningu og tungumál og því er mikilvægt að þeir hafi fjölbreyttan bakgrunn og menntun með áherslu á alþjóðlega sýn (Hanna Ragnarsdóttir, 2012). Rannsóknir benda þó til þess að kennara skorti slíka fræðslu og stuðning og það geti leitt til streitu og vanmáttar þeirra í starfi þegar þeir þurfa að sinna nemendum með flóttabakgrunn (Bourgonje, 2010; Education International, 2016; Roxas, 2010). Vaage (2014) áttar til dæmis að börn sem leita alþjóðlegrar verndar séu í þrefaldri hættu á áfallareynslu, og það beri að hafa í huga í samskiptum við þau. Börnin

hafa mörg hver upplifað eða orðið vitni að erfiðum aðstæðum fyrir flóttann og á meðan á honum stóð. Börn í þessari stöðu eiga einnig oft foreldra sem eru að takast á við áföll og það getur dregið úr getu þeirra til að sinna foreldrahlutverki sínu (Daud og Rydelius, 2009; Goosen, 2014; Vaage, 2014; Van Ee, Kleber og Mooren, 2012). Þá þurfa börnin sjálf að takast á við margvíslega streituvalda þegar í nýtt land er komið (Björnberg, 2013; Fazel o.fl., 2012; Ottoson, Eastmond og Cederberg, 2016; Strekalova og Hoot, 2008; Thoresen, Fielding, Gillieatt og Thoresen, 2016; Vaage, 2014; Vitus, 2010). Slíkir streituvaldar eru í auknum mæli viðurkenndir sem áhrifaþættir á líðan og námsgetu barna með flóttabakgrunn (Graham o.fl., 2016; Montgomery, 2008).

Niðurstaða Grahams og samstarfsfólks (2016) bendir til þess að almennt sé meira um hegðunar- og tilfinningaleg vandamál meðal barna með flóttabakgrunn en hjá jafnöldrum þeirra, og þá sérstaklega meðal barna undir 10 ára aldri. Einnig geta börn þróað með sér sömu einkenni og foreldrar þeirra sem eru að takast á við áföll þó að börnin hafi ekki endilega upplifað þau sjálf (Blauenfeldt, 2016; Daud og Rydelius, 2009; Vaage, 2014). Þekkt er að börn í þessum aðstæðum hlífi foreldrum sínum við eigin vandamálum og þörfum en það getur leitt til þess að þau fái ekki aðstoð við hæfi (Björnberg, 2013; Eastmond, 2010; Vaage, 2014). Rannsóknir hafa einnig sýnt að þrátt fyrir erfiða reynslu og krefjandi aðstæður geta mörg börn sigrast á erfiðleikum og þróað með sér þrautseiglu og úrræðasemi (Bronstein og Montgomery, 2011; Löwen, 2006; Mace o.fl., 2014; Maegusuku-Hewett, Dunkerley, Scourfield og Smalley, 2007; Thoresen o.fl., 2016).

## AÐFERÐ

Rannsóknin sem hér er kynnt er byggð á samtölum við 12 börn og 10 foreldra sem leitað hafa alþjóðlegrar verndar á Íslandi og var gagna aflað síðla árs 2015. Foreldrarnir voru á aldrinum 25–60 ára og börnin voru tveggja til sautján ára þegar þau komu til landsins og var dreifing á aldri þeirra jöfn. Viðmælendurnir höfðu fjölbreyttan bakgrunn hvað varðar upprunaland, skólagöngu, reynslu af styrjöldum, ofbeldi, pólitískum ofsóknum, harðræði og efnahagsástandi. Tíu börn voru á grunnskólaaldri og tvö á menntaskólaaldri þegar viðtal var tekið. Þrjú börn voru ekki byrjuð í skóla þegar viðtölin áttu sér stað, en fjórar til átta vikur voru liðnar frá því að þau komu til landsins.

Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. purposive sampling), sem felur í sér að leitast er við að finna einstaklinga sem eru taldir geta gefið sem bestar upplýsingar um viðfangsefni rannsóknarinnar (Esterberg, 2001). Þátttakendur voru ýmist að bíða eftir svári við umsókn um hæli frá íslenskum yfirvöldum eða höfðu fengið stöðu flóttamanns eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Börnin áttu mismanga skólagöngu að baki, allt eftir aldri, aðstæðum í heimalandi og móttökunni á Íslandi. Milliliðir með lögmætan aðgang að upplýsingum um fjölskyldur og börn í umræddri stöðu höfðu samband við fjölskyldurnar og kynntu fyrir þeim rannsóknina eða fengu leyfi til þess að túlkur hefði samband til þess að kynna rannsóknina fyrir þeim. Eftir að fjölskyldurnar höfðu ákveðið að taka þátt var haldinn kynningarfundur með rannsakanda þar sem fengið var munnlegt samþykki frá börnunum og skriflegt samþykki frá foreldrunum um þátttöku í rannsókninni. Í kjölfarið var ákveðið hvenær og hvar samtal milli fjölskyldumeðlima og rannsakanda

myndi eiga sér stað, sem var oftast á heimili þeirra en einnig á öðrum kyrrlátum stað að ósk viðmælenda.

Á undanförunum árum hefur verið þróuð nálgun um þátttöku í rannsóknum með börnum þar sem barnið er í brennidepli rannsóknarferlisins og gengið er út frá því að börn séu fær um að gefa mikilvægar upplýsingar um eigið líf (Due, Riggs og Augustinos, 2014; Lawrence, Kaplan og Dodds, 2015). Í þessari eigindlegu rannsókn var rætt á óformlegan hátt við foreldrana og börnin til að gefa þeim kost á að tjá hugmyndir sínar, skoðanir og sýn á umræðuefnið með eigin orðum og tjáningu (Esterberg 2001). Stuðst var við tvo viðtalsramma, annars vegar fyrir samtalið við börnin og hins vegar við foreldrana. Einnig voru myndir, sem börnin höfðu teiknað, tekið sjálf á myndavél eða áttu í fórum sínum, notaðar til að hefja samræður og fá þau til að tjá sig um viðfangsefni rannsóknarinnar (Fargas-Malet, McSherry, Larkin og Robinson, 2010). Oftast var notaður löggiltur túlkur en kunnátta fimm viðmælenda í íslensku eða ensku var það góð að þess gerðist ekki þörf. Rætt var við yngstu börnin þegar þau voru að lita og leika sér. Fyrsti höfundur (HG) hitti hverja fjölskyldu tvisvar til þrisvar sinnum og stóðu viðtölin að jafnaði í eina til þrjár klukkustundir, en hann hefur töluverða reynslu af því að vinna með börnum og fjölskyldum í viðkvæmri stöðu. Hjóðrituð gögn og minnispointar voru skráðir og textinn kóðaður og þemagreindur samkvæmt aðlagaðri grundaðri kenningu (e. grounded theory) að hætti Crang og Cook (2007, bls. 134–146).

## Siðferðileg atriði

Siðferðileg álitamál eru mörg þegar þátttakendur eru einstaklingar í viðkvæmri stöðu vegna aðstæðna sinna, en um er að ræða viðmælendur sem eru bæði umsækjendur um alþjóðlega vernd og börn (Háskóli Íslands, 2014). Meðal siðferðilegra álitamála í rannsókninni var ólík félagsleg staða rannsakanda og viðmælenda og það valdaójafnvægi sem getur myndast þegar þátttakendur eru börn (Montgomery, 2008). Reynt var eftir fremsta megni að upplýsa þátttakendur um eðli og tilgang rannsóknarinnar, meðal annars með upplýsingablöðum sem þýdd voru á viðeigandi tungumál og með löggilttri túlkabjónustu. Börnin gáfu munnlega upplýst samþykki en foreldrarnir gáfu skriflega upplýst samþykki fyrir sig og börnin. Börnum og foreldrum stóð til boða aðstoð sálfræðings þeim að kostnaðarlausu ef þess skyldi gerast þörf í kjölfar viðtals, en til þess kom ekki. Ítrústu varúðar er gætt til að standa vörð um persónuvernd barna og foreldra sem tóku þátt í rannsókninni, meðal annars með því að kyngreina hvorki börnin né foreldrana og upplýsa ekki um þjóðerni þeirra eða nákvæman aldur. Rannsóknin fékk jákvæða umfjöllun hjá Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands og er skráð hjá Persónuvernd.

## NIÐURSTÖÐUR

Á grunni greiningar á rannsóknargögnum eru niðurstöður kynntar í þremur undirköflum. Í þeim fyrsta er fjallað um biðina eftir skólagöngu og upphaf skólagöngu. Næsti undirkaflinn snýst um upplifun barnanna af skólamenningu á Íslandi sem er ólík því sem þau áttu að venjast. Þriðji og síðasti undirkaflinn fjallar um mikilvægi vana og fjölskyldu. Í hverjum

undirkafla eru sjónarhorn barna og foreldra dregin fram. Helstu þemu eru aðgerðaleysi, áskorun, bið, frjálsræði, hjálpssemi, kvíði, viðurkenning og vinátta.

## Biðin og upphaf skólagöngu

Flest börnin sem tóku þátt í rannsókninni voru byrjuð í skóla, en þeim fannst biðin eftir skólavist erfið, sérstaklega þegar það dróst að hefja skólagöngu. Fyrir börnin er biðinni best lýst með aðgerðaleysi, leiða og efasemdum um eigin stöðu. Sum börnin höfðu lítið fyrir stafni og dagarnir voru lengi að líða. Þau höfðu fátt í höndunum til þess að hafa ofan af fyrir sér á daginn, eins og til dæmis leikföng, og búsetuurræðin voru ekki öll barnvæn. Aðgerðaleysið leiddi til leiða meðal barnanna en sum reyndu þó að stunda nám heima fyrir, ýmist fyrir hvatningu frá foreldrum eða að eigin frumkvæði. Eitt barnanna sagði: „Manni leiðist ... að vera alltaf heima.“ Nokkur börn reyndu sérstaklega að læra íslensk orð á meðan þau biðu eftir að fá skólavist, meðal annars með aðstoð Google translate. Eitt barnið, sem hafði beðið í nokkrar vikur eftir að hefja skólagöngu, sagði að „það væri erfitt að fara í strætó og sjá alla nemendurna með skólatöskur, það lætur manni líða illa ... af hverju má ég ekki fara í skólann?“ Foreldrunum fannst erfitt að horfa upp á börn sín aðgerðalaus allan daginn, jafnvel svo vikum skipti, án tækifæra til að mennta sig og umgangast önnur börn reglulega. Mörg barnanna höfðu spurt foreldra sína daglega hvenær þau fengju að fara í skólann og sumir foreldranna höfðu sjálfir reynt að koma börnum sínum í skóla, til dæmis með því að fara í skóla í nágrenni við dvalarstað fjölskyldunnar til þess að vekja athygli á stöðu barna sinna. Allir foreldrarnir sýndu skólagöngu barnanna áhuga.

Þegar skólagangan hófst tóku við nýjar áskoranir. Það var misjafnt hvernig börnin upplifðu upphaf skólagöngunnar. Flest þeirra sögðu að fyrstu dagarnir hefðu verið erfiðir vegna tungumálaörðugleika og einmanaleika. Þau þekktu engan í skólanum. Sum þeirra sögðust þó hafa verið fljót að laga sig að nýju umhverfi og sjálfmyndin hefði þá styrkst. Eitt foreldrið átti erfitt með að halda aftur af tárnum þegar það rifjaði upp fyrsta skóladag barns síns eftir töluverða bið, en í lok fyrsta skóladags hafði barnið sagt: „Núna er ég mjög ánægð(ur) því ég er nemandi ... þar til núna var ég ekkert.“ Börnin voru þó ekki öll jafnfljót að fóta sig. Sum þeirra fundu meðal annars fyrir kvíða og eitt barnið sagðist í fyrstu hafa komið grátandi heim úr skólanum af ótta við að ráða ekki við aðstæðurnar.

Börnin sem gátu tjáð sig að einhverju leyti á ensku töldu að það hefði hjálpað sér verulega við upphaf skólagöngunnar en enskan gerði þeim kleift að tala við skólafélaga og kennara. Eitt barnanna sagði: „Það gekk bæði vel og illa að byrja í skólanum. Þegar ég byrjaði vildu krakkarnir ekki tala við mig því ég kunní ekki íslensku og gat ekkert sagt.“ Annað barn horfði brosandí til foreldris síns og sagði: „Manstu, fyrst skildi ég ekkert nema tölurnar, stærðfræðina.“ Börnin töldu það grundvallaratriði að læra íslensku til þess að geta átt í góðum samskiptum við skólafélaga sína. Eitt barnið sagði: „Það sem skiptir mestu máli fyrir mig er að læra íslensku. Ég held að það sé alveg lykillinn að því að geta talað við hin börnin og að eiga alvöru vini.“ Annað barn sagði að það væri líka mikilvægt að eiga sjálft frumkvæði að samskiptum við krakkana í skólanum. Þau börn sem voru í skóla sögðu flest að krakkarnir í skólanum hefðu tekið vel á móti þeim og fæst höfðu fundið fyrir fordómum eða stríðni: „Krakkarnir koma ekkert öðruvísi fram við mig en aðra krakka.“



Börn og foreldrar hjálpuðust stundum að við heimalærdóm með aðstoð tungumálasíðna á veraldarvefnum, en geta foreldranna var þó mismikil eftir fyrri reynslu þeirra á þessum vettvangi. Þegar börnin voru farin að skilja einhver orð í íslensku reyndu þau stundum að kenna foreldrum sínum tungumálið samhliða heimalærdómnum.

## Ólík skólamenning

Börnin áttuðu sig fljótt á miklum mun á íslenska skólakerfinu og því sem þau áttu að venjast í heimalöndum sínum. Aðbúnaður var betri og viðmót kennara annað. Öll höfðu börnin góða reynslu af kennurum sínum hér á landi og það sama á við um foreldrana. Kennurunum var lýst sem umburðarlyndum, þolinmóðum og hjálpsömum og að umsjón þeirra og eftirlit með börnunum væri meira en þau ættu að venjast. Einnig var bent á að kennararnir væru oft úrræðagóðir við að skilja börnin þrátt fyrir tungumálaörðugleika, til dæmis með því að nota tungumálasíður á veraldarvefnum og myndir. Eitt barnanna sagði að sér fyndist kennararnir vera góðir við sig og að það sama ætti við um samnemendur sína: „Engir fordómar, bara eðlilegt.“ Bæði foreldrar og börn sögðu frá velvild og hjálpssemi kennara við lausn mála sem tengdust skólastarfinu ekki beint, eins og að eiga frumkvæði að því að safna fötum fyrir börnin. Þakklæti í garð kennara var ítrekað. Bæði börnum og foreldrum kom einnig saman um að íslensk börn sýndu meira frjálsræði í hegðun en venjan var í heimalandinu, eða eins og eitt barnið orðaði það: „Þau eru svolítið svona ... ofvirk ... óhlýðnari en börnin í mínu landi.“

Aðbúnaður og fjölbreyttar námsgreinar voru atriði sem börnum og foreldrum fannst jákvæð við skólakerfið. Foreldrar ræddu sumir hverjir um spillingu sem tíðkaðist innan skólakerfis heimalandsins og að þar hefði verið auðvelt fyrir ungmenni að nálgast vímuefni. Eitt barnanna benti á að í heimalandinu voru þau látin sinna ýmsum verkum, til dæmis voru „krakkarnir látnir sópa gólfið í skólanum og fyrir utan í stað þess að lesa“. Sumir höfðu búið á stöðum þar sem námsaðstaða og skólaumhverfi var mjög bágborið og kennarar kröfðust skilyrðislausrar hlýðni af nemendum, og nefnd voru dæmi um að þeim hefði verið refsað líkamlega.

Foreldrarnir lögðu mikla áherslu á gildi menntunar fyrir framtíð barnanna og gátu þess að námsframboðið væri fjölbætt. Eitt foreldrið sagði:

Það sem skiptir gríðarlega miklu máli er menntunin. Hún skiptir öllu máli. Hún er lykillinn að framtíðinni, til þess að komast eitthvað áfram. Það sem er svo gott við skólakerfið hér er að börnin læra allt í grunnskólanum ... bóklegt, en líka smíði, heimilisfræði og svo framvegis. Þau geta fundið sinn áhuga, fá meiri víðsýni ... finna hvar áhuginn liggur.

Börnin voru sammála um að margt væri betra á Íslandi en í heimalandinu. Eitt barnið sagði: „Það er ekki neitt í skólanum þar sem ég átti heima ... engin sundlaug, ekki mikið í boði. Og kennararnir eru miklu betri hér.“ Börnin voru með ólík áhugasvið og uppáhaldsgreinar, en það sem var vinsælast hjá mörgum var skólasundið. Fá börn höfðu fengið sundkennslu í skóla í heimalandinu og þeim fannst það spennandi.

Samskipti foreldra við skólana voru mismikil en þeir vildu flestir fylgjast með skólagöngu barnanna. Sumir sögðu fremur auðvelt að nálgast upplýsingar um gengi barna sinna í skólanum, enda væru samskipti við kennara góð, ýmist með eða án aðstoðar túlks.



Þá gætu þau leitað aðstoðar hjá starfsmönnum skólans ef eitthvað bjátaði á, til dæmis vegna almennrar líðanar barnanna í skólanum. Þau vissu að börnin voru stundum kvíðin, sérstaklega þau sem voru að bíða eftir niðurstöðu umsóknar fjölskyldunnar um alþjóðlega vernd. Eitt foreldri tók svo til orða: „Það skiptir máli fyrir foreldra að vera alltaf inni í því sem er að gerast ... bæði í skólanum, í samskiptum og slíku.“ Eitt foreldrið mat mikils eftirfylgd með námsframvindu barns síns og ítrekaði að „kennararnir eru góðir, gefa sér tíma til þess að ræða framfarir og hvernig gengur.“ Meirihluti foreldra hafði farið á foreldrafundi með kennara þar sem skólastarfið var kynnt fyrir fjölskyldunni og farið yfir framfarir barnanna í náminu. Aðrir sögðu að slíkir fundir yrðu haldnir fljótlega.

Foreldrar sem áttu börn á leikskólaaldri voru almennt ánægðir með leikskólana. Þeir töluðu um að leikskólinn væri, líkt og skólinn, mikilvægur þáttur í lífi barnanna. Í leikskólanum fengju börnin tækifæri til þess að læra nýja hluti og þroskast, læra tungumálið og leika við önnur börn. Misjafnt var hversu löng biðin eftir leikskólaplássi var en það var meðal annars háð búsetu fjölskyldunnar og á hvaða tíma árs hún kom til landsins. Foreldrar gerðu sér grein fyrir því að það væri oft erfitt að koma börnum inn í leikskóla á miðjum vetri.

## Mikilvægi vina og fjölskyldu

Börnin töluðu gjarnan um að skólinn væri meira en vettvangur lærdóms. Þar væri hægt að kynnað jafnöldrum, læra íslensku, kynnað nýrri menningu og hafa eitthvað uppbyggt fyrir stafni. Þegar eitt barnið, sem ekki var byrjað í skóla, var spurt hvað fælist í skólagöngu var svarið stutt og laggott: „Allt sem ég þrái.“ Þegar barnið var innt eftir merkingu orðsins „allt“ reyndist það vera allt í senn: námið, möguleiki til að umgangast önnur börn, eignast vini og að læra íslensku.

„Það sem skiptir mestu máli er að fá að vera með vinum mínum,“ sagði eitt barnið. Þessi afstaða endurómar ósk margra barnanna. Mikilvægi vináttu og félagslegrar viðurkenningar kom oft upp í samtölum við börnin og foreldrana. Börnin höfðu misst tengsl við vini og fjölskyldumeðlimi þegar þau yfirgáfu heimalandið af margvíslegum ástæðum. Þau söknuðu vina sinna og þeim gekk misjafnlega vel að eignast nýja í þessu framandi landi. Með betra valdi á íslenskunni og aðgengi að skóla og tómtundastarfi gafst tækifæri til að eignast nýja vini. Þau börn sem höfðu verið í skóla í nokkra mánuði eða jafnvel ár áttu flest orðið vini eða að minnsta kosti kunningja sem þau hittu einnig utan skólatíma.

Börn sem voru tiltölulega nýbyrjuð í skólanum sögðust eiga kunningja eða jafnvel vini í skólanum, en samskiptin við þá einskorðuðust yfirleitt við skólatíma. „Ég hitti vini mína bara í skólanum, ekkert fyrir utan hann ... enþá alla vega,“ sagði eitt barnanna. Annað barn lýsti samskiptum sínum við aðra þannig: „Fólk er mjög forvitið ... Hver ert þú? Hvaðan kemur þú? ... Hvernig er að búa í þínu heimalandi? ... en í raun á ég ekki alvöru vin.“ Löngunin til að leika við og umgangast önnur börn eftir skóla og hafa eitthvað fyrir stafni var mikil. Eitt barnið sagði: „Ég myndi vilja fara út að leika með þeim því mér leiðist svo mikið heima.“ Þrátt fyrir drauminn um að aðlagast hópi skólafélaga og eignast vini höfðu tvö af eldri börnunum dregið sig úr félagsskap sem þau töldu ekki góðan fyrir sig. Þau vildu nýta tækifæri sitt á Íslandi vel og vera skynsöm: „Sá sem vill vera vinur minn á að vilja mig eins og ég er en ekki láta mig gera eitthvað sem ég vil ekki gera.“

Systkini fengu stuðning og félagsskap hvert hjá öðru. Foreldrar barna sem áttu fáa eða enga vini sögðust reyna að vera börnum sínum félagsskapur og vinir til þess að draga úr einmanaleika þeirra. Eitt foreldrið sagði:

Í gær var barnið mitt pirrað og leitt að geta ekki gert neitt ... en þá fór ég með það út að veiða ... og barnið sofnaði eftir það ... við reynum eins mikið og við getum að halda því félagsskap, svo því líði ekki illa eða verði meira einmana.

Tækifæri til að stunda íþróttir eða taka þátt í tólmundastarfi, eins og sum börnin áttu kost á, var talið mikilvægt til þess að vera með vinum úr skólanum eða til að eignast nýja vini. Tvö barnanna vildu til dæmis stytta jólafríð því þau söknuðu félaganna og skólans um jólin.

Bæði börn og foreldrar sem voru enn að bíða svars frá Útlendingastofnun voru mjög meðvituð um þá „yfirvofandi vá“ að fjölskyldan yrði send úr landi og að börnin þyrftu að kveðja þá vini sem þau höfðu eignast. Tilhugsunin var börnunum mjög sár enda gerðu þau sér grein fyrir því að eitt lítið orð, já eða nei, gæti skipt sköpum í lífi þeirra og fjölskyldunnar. Eitt barnið sagði til að mynda: „Þetta hefur gríðarlega mikil áhrif á líf okkar, því líf okkar veltur á einu svari. Framtíðin hræðir mig svolítið auðvitað. Það fer allt eftir því hvað þeir segja.“ Annað barn sagðist oft eiga erfitt með svefn því það væri „að hugsa eitthvað neikvætt ... allt svo erfitt vegna óþolandi biðar ... að vita ekki hvað verður.“ Foreldrarnir nefndu einnig áhrif óvissunnar og biðtímans á börnin og eitt foreldri sagði: „Barnið mitt hefur sagt við mig ... hvað á ég að gera ef okkur verður neitað ... lífið getur bara endað þá.“ Í samtölum við foreldrana og börnin komu fram ýmis einkenni sálrænnar vanlíðunar sem ýmist mátti rekja til fyrri reynslu eða aðstæðna á Íslandi. Flestir foreldrarnir voru undir miklu álagi vegna aðstæðna sinna auk þess sem þeir reyndu eftir fremsta megni að sinna börnum sínum og vernda þau fyrir áhyggjum og kvíða. Margir foreldrana lýstu depurð, vonleysi, valdaleysi og stjórnleysi á lífi fjölskyldunnar. Þeir lýstu einnig erfiðum og sjálfskaðandi hugsunum, andlegri þreytu, kvíða, svefnerfiðleikum og martröðum. Börnin nefndu einnig ýmiss konar einkenni, þar á meðal leiða, kvíða, hræðslu, svefnleysi, martraðir, aukinn grát og stundum dofa. Skólinn hjálpaði þeim að dreifa huganum, og tímarnir og lausn heimaverkefna sköpuðu góðan ramma utan um daglegt líf þeirra.

## UMRÆÐUR

Hér er fjallað um skólagöngu barna sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi, byggt á gögnum sem var aflað seinni hluta ársins 2015. Helstu niðurstöður eru þær að í frásögnum barnanna sem rætt var við kom fram að biðin eftir því að hefja skólagöngu reyndist þeim og fjölskyldu þeirra erfið. Sambland af kvíða og eftirvæntingu einkenndi upphaf skólagöngunnar og olli skortur á tungumálakunnáttu þeim mestum erfiðleikum. Börnin og foreldrarnir lofuðu kennarana fyrir fagmennsku og hjálpssemi og samnemendur þóttu almennt taka börnunum vel. Þegar börnin voru byrjuð í skóla höfðu þau meira fyrir stafni á daginn, eignuðust kunningja og vini og náðu betri tókum á tungumálinu, og það dreifði huga þeirra frá aðsteðjandi vandamálum. Samtímis styrktist sjálfsmynd þeirra.

Biðin eftir skólagöngu reyndist börnunum þungbær og hafði hún neikvæð áhrif á líðan þeirra. Þau voru aðgerðalaus, kvíðin og áhyggjufull yfir framtíð sinni. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að börn í þessari stöðu kljást við nýja streituvalda og óvissu um niðurstöðu umsóknar um alþjóðlega vernd, til viðbótar fyrri áföllum sem sum þeirra höfðu upplifað (Björnberg, 2013; Fazel o.fl., 2012; Measham o.fl., 2014; Svensson og Eastmond, 2013; Tonheim o.fl., 2015). Hér á landi er umsækjendum um alþjóðlega vernd meðal annars gert að fara í sóttvarnaskoðun eftir komuna til landsins (Embætti landlæknis, 2015) og verða börn að fara í slíka skoðun áður en þau byrja í skóla hérlendis. Hefur umboðsmaður barna (2017) lýst yfir áhyggjum af því að skoðunin geti tafið fyrir skólagöngu barna í umsóknarferli um alþjóðlega vernd.

Í rannsókn okkar reyndust tungumálaörðugleikar vera nokkur hindrun fyrir aðlögun barnanna. Þegar börnin byrjuðu í skóla gekk þeim misvel að komast í gang með námið. Tungumálaerfiðleikar og einmanaleiki gerði sumum þeirra stundum erfitt fyrir til að byrja með en smátt og smátt eignuðust þau kunningja og vini. Þau lögðu sig fram um að læra íslensku, enda töldu þau hana vera lykilinn að því að aðlagast samfélaginu og ganga vel í skólanum. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að skólinn er góður vettvangur fyrir börn með flóttabakgrunn til að byrja nýtt líf, umgangast jafningja, eignast nýja vini og styrkja sjálfsmynd sína, sé vel að öllu staðið (McCarthy og Marks, 2010; Perez-y-Perez o.fl., 2011; Tonheim o.fl., 2015). Eins og rannsókn okkar hafa erlendar rannsóknir sýnt fram á að tungumálaörðugleikar hindri góð samskipti og séu mikil áskorun en nýta þarf öll úrræði til þess að koma til móts við foreldra og börn, meðal annars með túlkabjónustu og faglega þýddu efni til upplýsingar (Beirens o.fl., 2007; Block o.fl., 2014; Graham o.fl., 2016; Moinolnolki og Han, 2017).

Viðmælendur í rannsókninni, börn og foreldrar, töldu að aðbúnaður og kennsla væri almennt betri hér á landi en í heimalandinu. Börnin litu upp til kennara sinna og lögðu traust sitt á þá. Margir sögðu frá hjálpssemi þeirra og aðstoð sem fellur ekki undir venjubundið verksemið kennara. Hliðstæðar niðurstöður má sjá í erlendum rannsóknum (Björnberg, 2013; Block, o.fl., 2014; Fazel, 2015). Rannsóknir hafa einnig sýnt að án sérstaks stuðnings við kennslu barna með flóttabakgrunn sé hætta á að kennarar finni til vanmáttar í starfi og aukinnar streitu (Bourgonje, 2010; Education International, 2016; Roxas, 2010). Þó ánægja sé með aðkomu kennara í rannsókn okkar er nauðsynlegt að huga vel að þessum þætti í starfi þeirra um land allt. Á málþingi Kennarasambands Íslands í mars 2017 kom fram að kennarar hefðu áhyggjur af börnum sem leituðu alþjóðlegrar verndar, meðal annars vegna skorts á fræðslu fyrir kennara um málaflokkinn og stuðningi, almenns fjárskorts, stefnuleysis stjórnvalda, ósamræmds verklags milli skóla og vöntunar á betri samskiptum milli skóla og annarra stofnana sem þjóna börnunum, svo sem Útlendingastofnunar (Kennarasamband Íslands, 2017). Hefur verið bent á mikilvægi alþjóðlegrar sýnar í menntun kennara (Hanna Ragnarsdóttir, 2012) og þekkingar þeirra á sálfélagslegum þörfum barna með flóttabakgrunn (Berg og Tronstad, 2015; Bourgonje, 2010; Graham o.fl., 2016; Mace o.fl., 2014; Pastoor, 2015; Strekalova og Hoot, 2008).

Viðhorf kennara og nemenda geta ráðið miklu um það hvernig börnunum gengur að fóta sig í nýju skólaumhverfi (Betancourt o.fl., 2015; Fazel o.fl., 2012; Perez-y-Perez o.fl., 2011; Svensson og Eastmond, 2013). Því er ein mikilvæg niðurstaða rannsóknar okkar sú að börnin fundu ekki fyrir miklum fordómum gagnvart sér í skólanum, en það er í

samræmi við þær niðurstöður Hönnu Ragnarsdóttur, Gunnars J. Gunnarssonar, Gunnars E. Finnbogasonar og Höllu Jónsdóttur (2016) að viðhorf ungs fólks á Íslandi sé almennt jákvætt gagnvart fjölbreytileika og fjölmenningsarsamfélagi. Rannsóknir sýna að framkoma skólafélaga skiptir miklu máli fyrir líðan barna sem hafa flutt í framandi umhverfi (Correa-Velez o.fl., 2010; Fazel, 2015; Kia-Keating og Ellis, 2007; Pacione o.fl., 2013; Pastoor, 2015; Pieloch o.fl., 2016) og á það einnig við um umburðarlyndi fyrir fjölmenningu innan veggja skólans og í samfélaginu yfirleitt (Block, o.fl., 2014).

Niðurstöður rannsóknar okkar leiða í ljós að skólinn er ekki eingöngu mikilvægur vegna þess náms sem hann býður upp á heldur er hann einnig vettvangur félagslegra samskipta fyrir börnin. Þeim fannst mikilvægt að geta tekið þátt í tómskundastarfi eftir skólann, bæði til þess að dreifa huganum og til þess að verja meiri tíma með öðrum börnum. Rannsóknir sýna að skólinn og skólaumhverfið geta bætt heilsu og aukið vellíðan barna með flóttabakgrunn (Björnberg, 2013; Pacione o.fl., 2013; Pastoor, 2013; Pastoor, 2015; Tonheim, o.fl., 2015). Í skólanum og í tómskundastarfi finna börnin að þau tilheyra samfélagi. Það skiptir þau alla jafna miklu máli og getur haft mikil áhrif á sálfélagslega vellíðan þeirra (Beirens o.fl., 2007; Berg og Tronstad, 2015; Fazel, 2015; Kia-Keating og Ellis, 2007; Tonheim, o.fl., 2015)

Í rannsókn okkar kom fram að foreldrar barnanna voru með misjafna og mislanga skólagöngu. Foreldrarnir reyndu eftir bestu getu að aðstoða börnin sín en það sem aftraði þeim einna mest voru tungumálaörðugleikar og vanþekking á íslensku skólakerfi og skólamenningu. Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að sumir foreldrar sem leita alþjóðlegrar verndar hafi takmarkaða skólagöngu að baki (Svensson og Eastmond, 2013). Auk þess geta foreldrar fundið til vanmáttar þegar þeir eiga erfitt með að aðstoða börnin við að aðlagast nýju skólaumhverfi, nálgast og veita upplýsingar um skólastarfið og aðstoða við heimanám (Björnberg, 2013; Blauenfeldt, 2016; Martin o.fl., 2016; Perez-y-Perez o.fl., 2011; Rah o.fl., 2009). Því er mikilvægt að reyna eftir fremsta megni að aðstoða foreldrana við að taka þátt í menntun barna sinna og hvetja þá til þess að taka þátt í foreldrarstarfi skólans (Martin o.fl., 2016).

Í samtölum við börnin og foreldrana kom fram að þau glímdu við streitu og andlega vanlíðan vegna fyrri reynslu í heimalandinu og á flóttanum, auk álags meðan beðið var eftir niðurstöðu umsóknar um alþjóðlega vernd. Svipaðar niðurstöður um streitu og vanlíðan má sjá í erlendum rannsóknum meðal umsækjenda um alþjóðlega vernd (Björnberg, 2013; Fazel o.fl., 2012; Ottosson, Eastmond og Cederberg, 2016; Strelalova og Hoot, 2008; Thoresen o.fl., 2016; Vaage, 2014; Vitus, 2010). Auk þess hafa rannsóknir sýnt fram á að streita foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar fyrir sig og fjölskyldu sína getur haft slæm áhrif á líðan barna þeirra og námsgetu (Graham o.fl., 2016; Montgomery, 2008). Rannsóknir sýna enn fremur fram á að geta foreldra í þessari stöðu til að sinna foreldrahlutverki sínu svo vel sé kann að vera skert (Daud og Rydelius, 2009; Goosen, 2014; Vaage, 2014; Van Ee o.fl., 2012). Foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni lýstu því hversu krefjandi það væri að sinna foreldrahlutverkinu við þessar aðstæður og að þeir upplifðu valdaleysi í mál-efnum fjölskyldunnar. Skortur var á úrræðum, svo sem skóla- og leikskólalássi, barnvænu húsnæði og leikföngum. Auk þess var fjárhagur fjölskyldunnar bágur og fjölskyldumeðlimir þjakaðir af vanlíðan. Allt hafði þetta áhrif á það hvernig þeir upplifðu foreldrahlutverk sitt. Auk þess veigruðu sumir foreldrana sér við að leita aðstoðar hjá þjónustuaðilum þar sem

þeir vildu ekki vera uppþrengjandi. Þeir óttuðust að það gæti haft neikvæð áhrif á umsókn þeirra um alþjóðlega vernd ef þeir bæru fram kvartanir eða óskir.

Í rannsókn okkar kom fram að margir kennarar sem unnu með börnunum lögðu sig mjög fram um að hjálpa þeim. Aftur á móti kom fram á málþingi Kennarasambands Íslands í mars 2017 að bæta þyrfti þekkingu íslenskra kennara á aðstæðum barna sem leita alþjóðlegrar verndar (Kennarasamband Íslands, 2017). Það er mikilvægt að kennarar viti hvað umsóknarferli um alþjóðlega vernd felur í sér fyrir börn og foreldra þeirra (Berg og Tronstad, 2015; Svensson og Eastmond, 2013). Um leið þurfa þeir að finna jafnvægi milli þess að mæta þörfum barna með flóttabakgrunn og þess að greina þau ekki um of frá öðrum börnum (Taylor og Sidhu, 2012).

## LOKAORÐ

Markmið rannsóknar okkar var að lýsa og greina upplifun og reynslu barna og foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi af menntun og skólagöngu hérlendis. Niðurstöður hennar benda til þess að skólaganga og menntun og félagsleg tengsl hafi jákvæð áhrif á sálfélagslega vellíðan barnanna sé vel að öllu staðið. Börnin takast á við breytt skóla-umhverfi miðað við fyrri reynslu en íslenska skólakerfið, aðbúnaður í skólum hér á landi og kennarar fengu heilt á litið mjög jákvæða umsögn, jafnt barna sem foreldra. Biðtíminn eftir því að komast í skóla var börnunum þó erfiður og aðgerðaleysið þrúgandi meðan á biðinni stóð. Þetta bættist ofan á það álag á fjölskylduna og óvissu sem fylgir því að leita alþjóðlegrar verndar í fjarlægju landi, til dæmis í kjölfar ofsókna og styrjalda.

Mikilvægt er að komið sé á samræmdri og skýrri stefnu um það hvernig menntun barna í þessari stöðu skuli háttað hér á landi. Það er til dæmis ekki í samræmi við Barnasáttmálann að börnum sem eru annars vegar á ábyrgð Útlendingastofnunar og hins vegar sveitarfélaga sé mismunað í aðgengi að skóla og tólmstundaiðkun. Eins og einnig hefur komið fram í erlendum rannsóknum eru megináskoranir sem ríki, sveitarfélög og menntakerfið standa frammi fyrir þær að sinna þörfum barna sem leita alþjóðlegrar verndar. Mikilvægt er að veita þeim stuðning sem þau geta nýtt sér áfram í viðkomandi landi eða tekið með sér sem veganesti fái fjölskyldan ekki dvalarleyfi í landinu.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að aðildarríkjum beri skylda til þess að veita börnum og ungmennum aðgengi að grunnmenntun þeim að kostnaðarlausu og möguleika til framhaldsnáms (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Barnasáttmálinn tekur til allra barna sem eru búsett á Íslandi, þar með talin eru börn sem leita alþjóðlegrar verndar, en hann var lögfestur hér á landi árið 2013 (Umboðsmaður barna, 2015). Umsóknum barnafjölskyldna um alþjóðlega vernd fjölgaði mjög á árinu 2016 samanborið við árið 2015, þegar rannsóknin fór fram, og árin þar á undan. Mörg börn þurftu að biða í töluverðan tíma eftir því að hefja skólagöngu og sum þeirra fengu ekki aðgengi að menntun á meðan þau dvöldu hér á landi (Kennarasamband Íslands, 2017). Ný lög um útlendinga (nr. 80/2016) sem tóku gildi 1. janúar 2017 og ný reglugerð um útlendinga (nr. 540/2017) kveða á um bættu og formfastari þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, meðal annars með styttri bið eftir skólagöngu. Mikilvægt er að að réttindi barna sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi til skólagöngu verði virt í framkvæmd.

## HEIMILDIR

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). Sótt af <http://www.barnasattmali.is/>
- Beirens, H., Hughes, N., Hek, R. og Spicer, N. (2007). Preventing social exclusion of refugee and asylum seeking children: Building new networks. *Social Policy and Society*, 6(2), 219–229. <https://doi.org/10.1017/s1474746406003484>
- Berg, B. og Tronstad, K. R. (ritstjórar). (2015). *Levekår for barn i asylsøkerfasen*. Bråndheimi: NTNU Samfunnsforskning.
- Betancourt, T. S., Abdi, S., Ito, B. S., Lilienthal, G. M., Agalab, N. og Ellis, H. (2015). We left one war and came to another: Resource loss, acculturative stress, and caregiver–child relationships in Somali refugee families. *Cultural Diversity and Ethnic Minority Psychology*, 21(1), 114–125. <https://doi.org/10.1037/a0037538>
- Björnberg, U. (2013). Caught between a troubled past and an uncertain future: The well-being of asylum-seeking children in Sweden. Í A. M. Minguez (ritstjóri), *Family well-being: European perspectives* (bls. 261–275). Dordrecht: Springer.
- Blauenfeldt, A. (ritstjóri). (2016). *Flygtningebörn på frie grund- og efterskoler: En guide til modtagelsen af flygtningebørn og deres familier*. Kaupmannahöfn: Dansk Flygtningehjælp. Sótt af [https://flygtning.dk/media/2557733/guide\\_friskole\\_web.pdf](https://flygtning.dk/media/2557733/guide_friskole_web.pdf)
- Block, K., Cross, S., Riggs, E. og Gibbs, L. (2014). Supporting schools to create an inclusive environment for refugee students. *International Journal of Inclusive Education*, 18(12), 1337–1355. <https://doi.org/10.1080/13603116.2014.899636>
- Bourgonje, P. (2010). *Education for refugee and asylum seeking children in OECD countries: Case studies from Australia, Spain, Sweden and the United Kingdom*. Sótt af [https://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/EIResearch\\_Paloma\\_Eng\\_final\\_med.pdf](https://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/EIResearch_Paloma_Eng_final_med.pdf)
- Bronstein, I. og Montgomery, P. (2011). Psychological distress in refugee children: A systematic review. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 14(1), 44–56. <https://doi.org/10.1007/s10567-010-0081-0>
- Correa-Velez, I., Gifford, S. M. og Barnett, A. G. (2010). Longing to belong: Social inclusion and wellbeing among youth with refugee backgrounds in the first three years in Melbourne, Australia. *Social Science & Medicine*, 71(8), 1399–1408. <https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2010.07.018>
- Crang, M. og Cook, I. (2007). *Doing ethnographies*. London: SAGE.
- Daud, A. og Rydelius, P.-A. (2009). Comorbidity/overlapping between ADHD and PTSD in relation to IQ among children of traumatized/non-traumatized parents. *Journal of Attention Disorders*, 13(2), 188–196. <https://doi.org/10.1177/1087054708326271>
- Dryden-Peterson, S. (2015). *The educational experiences of refugee children in countries of first asylum*. Washington: Migration Policy Institute.
- Due, C., Riggs, D. W. og Augustinos, M. (2014). Research with children of migrant and refugee backgrounds: A review of child-centered research methods. *Child Indicators Research*, 7(1), 209–227. <https://doi.org/10.1007/s12187-013-9214-6>
- Eastmond, M. (2010). Gäster i välfärden? Föräldraskap i asylprocessen. Í H. A. Andersson, H. Ascher, U. Björnberg og M. Eastmond (ritstjórar), *Mellan det förflutna och framtiden: Asylsökande barns välfärd, hälsa och välbefinnande* (bls. 87–109). Gautaborg: Göteborgs Universitet.



- Education International Refugee Education Conference. (2016). *Providing education to refugee children from conflict areas in the Middle East: Fast track to equal opportunities and integration*. Stokkhólmi. Sótt af [https://www.ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/Skyrslur\\_og\\_onnur\\_rit/FINAL\\_2016\\_Refugee\\_Conference\\_Reader\\_EN.pdf](https://www.ki.is/images/Skrar/KI/Skolamal/Skyrslur_og_onnur_rit/FINAL_2016_Refugee_Conference_Reader_EN.pdf)
- Embætti landlæknis. (2015). *Verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til landsins*. (Gilda frá september 2015). Sótt af <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item27583/Endursko%C3%B0a%C3%B0ar%20verklagsreglur%20fr%C3%A1%20sept.%202015.pdf>
- Esterberg, K. E. (2001). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Fargas-Malet, M., McSherry, D., Larkin, E. og Robinson, C. (2010). Research with children: Methodological issues and innovative techniques. *Journal of Early Childhood Research*, 8(2), 175–192. <https://doi.org/10.1177/1476718x09345412>
- Fazel, M. (2015). A moment of change: Facilitating refugee children's mental health in UK schools. *International Journal of Educational Development*, 41, 255–261. <https://doi.org/10.1016/j.ijedudev.2014.12.006>
- Fazel, M. og Stein, A. (2002). The mental health of refugee children. *Archives of Disease of Childhood*, 87(5), 366–370.
- Fazel, M., Reed, R. V., Panter-Brick, C. og Stein, A. (2012). Mental health of displaced and refugee children resettled in high-income countries: Risk and protective factors. *The Lancet*, 379(9812), 266–282. [https://doi.org/10.1016/s0140-6736\(11\)60051-2](https://doi.org/10.1016/s0140-6736(11)60051-2)
- Flóttamannanefnd. (2013). *Viðmiðunarreglur flóttamannanefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/flottafolk/adlogun-flottafolks/vidmidunarreglur-flottamannanefndar/>
- Goosen, E. S. M. (2014). *A safe and healthy future? Epidemiological studies on the health of asylum seekers and refugees in the Netherlands* (doktorsritgerð, University of Amsterdam, Amsterdam). Sótt af <http://hdl.handle.net/11245/1.417931>
- Graham, H. R., Minhas, R. S. og Paxton, G. (2016). Learning problems in children of refugee background: A systematic review. *Pediatrics*, 137(6), e20153994–e20153994 <https://doi.org/10.1542/peds.2015-3994>
- Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa. (2011). *Flóttabörn á Íslandi: Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í fjölskyldu- og barnavernd. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10778>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2012). Kennarar í fjölmenningsamfélagi: Aðgengi fjölbreyttra nemendahópa að kennaranámi á Íslandi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/002.pdf>
- Hanna Ragnarsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson, Gunnar E. Finnbogason og Halla Jónsdóttir. (2016). Viðhorf ungmenna í íslensku fjölmenningsamfélagi til menningar- og trúarlegs margbreytileika. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(2), 219–238.
- Háskóli Íslands. (2014). *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log\\_og\\_reglur/vshi\\_sidareglur\\_16\\_1\\_2014.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/log_og_reglur/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf)
- Helga Guðmundsdóttir (2016). *Upplifun og reynsla barna og foreldra sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi* (óútgefin meistaráritgerð). Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/23563>
- Humphrey, A. (ritstjóri). (2015). *Caring for Syrian refugee children: A program guide for welcoming young children and their families*. Toronto: CMAS.



- Inter-Agency Network for Education in Emergencies. (2010). *INEE thematic issue brief: Psychosocial well-being*. Sótt af [http://toolkit.ineesite.org/resources/ineecms/uploads/1128/INEE\\_Thematic\\_Issue\\_Brief\\_Psychosocial.pdf](http://toolkit.ineesite.org/resources/ineecms/uploads/1128/INEE_Thematic_Issue_Brief_Psychosocial.pdf)
- Kalksma-Van Lith, B. (2007). Psychosocial interventions for children in war-affected areas: The state of the art. *Intervention, 5*(1), 3–17. <https://doi.org/10.1097/wtf.0b013e3280c264cd>
- Kennarasamband Íslands. (3. mars 2017). *Peirra réttur – okkar skyldur: Fundargerð málþings skólamálaráðs KÍ um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd*. Sótt af [https://ki.is/images/Skrar/Skolamal/Starfid/Malthing\\_030317/Malthing\\_030317\\_fundargerð.pdf](https://ki.is/images/Skrar/Skolamal/Starfid/Malthing_030317/Malthing_030317_fundargerð.pdf)
- Kia-Keating, M. og Ellis, H. B. (2007). Belonging and connection to school in resettlement: Young refugees, school belonging and psychosocial adjustment. *Clinical Child Psychology and Psychiatry, 12*(1), 29–43. <https://doi.org/10.1177/1359104507071052>
- Lawrence, J. A., Kaplan, I. og Dodds, A. E. (2015). The rights of refugee children to self-expression and to contribute to knowledge in research: Respect and methods. *Journal of Human Rights Practice, 7*(3), 411–429. <https://doi.org/10.1093/jhuman/huv010>
- Lewig, K., Arney, F. og Salveron, M. (2009). Challenges to parenting in a new culture: Implications for child and family welfare. *Evaluation and Program Planning, 33*(3), 324–332. <https://doi.org/10.1016/j.evalprogplan.2009.05.002>
- Louie, B. og Davis-Welton, K. (2016). Family literacy project. *The Reading Teacher, 69*(6), 597–606. <https://doi.org/10.1002/trtr.1444>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um útlendinga nr. 96/2002.
- Lög um útlendinga nr. 80/2016.
- Löwén, Å. (2006). *Asylexistensens villkor: Resurser och problem i meningsskapande hos asylsökande barn i Sverige*. Uppsölum: Uppsala universitet.
- Mace, A. O., Mulheron, S., Jones, C. og Cherian, S. (2014). Educational, developmental and psychological outcomes of resettled refugee children in Western Australia: A review of school of special educational needs: Medical and mental health input. *Journal of Paediatrics and Child Health, 50*(12), 985–992. <https://doi.org/10.1111/jpc.12674>
- Maegusuku-Hewett, T., Dunkerley, D., Scourfield, J., og Smalley, N. (2007). Refugee children in Wales: Coping and adaptation in the face of adversity. *Children & Society, 21*(4), 309–321. <https://doi.org/10.1111/j.1099-0860.2007.00102.x>
- Martin, S., Horgan, D., O’Riordan, J. og Christie, A. (2016). Advocacy and surveillance: Primary schools teachers’ relationships with asylum-seeking mothers in Ireland. *Race, Ethnicity and Education, 1*–13. <https://doi.org/10.1080/13613324.2016.1248827>
- McCarthy, C. og Marks, D. F. (2010). Exploring the health and well-being of refugee and asylum seeking children. *Journal of Health Psychology, 15*(4), 586–595. <https://doi.org/10.1177/1359105309353644>
- Measham, T., Guzder, J., Rousseau, C., Pacione, L., Blais-McPherson, M., & Nadeau, L. (2014). Refugee children and their families: Supporting psychological well-being and positive adaptation following migration. *Current Problems in Pediatric and Adolescent Health Care, 44*(7), 208–215. <https://doi.org/10.1016/j.cppeds.2014.03.005>

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámsskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Moinolnolki, N. og Han, M. (2017). No child left behind: What about refugees? *Childhood Education, 93*(1), 3–9. <https://doi.org/10.1080/00094056.2017.1275231>
- Montgomery, H. (2008). *An introduction to childhood: Anthropological perspectives on children's lives*. Oxford: Wiley-Blackwell.
- Ottosson, L., Eastmond, M. og Cederborg, A.-C. (2016). Assertions and aspirations: Agency among accompanied asylum-seeking children in Sweden. *Children's Geographies, 15*(4), 426–438. <https://doi.org/10.1080/14733285.2016.1271941>
- Pacione, L., Measham, T. og Rousseau, C. (2013). Refugee children: Mental health and effective interventions. *Current Psychiatry Reports, 15*(2), 341. <https://doi.org/10.1007/s11920-012-0341-4>
- Pastoor, L. de W. (2013). The decisive role of school in the lives of unaccompanied refugee minors in Norway. *Siirtolaisuus-Migration, 40*, 32–40.
- Pastoor, L. de W. (2015). The mediational role of schools in supporting psychosocial transitions among unaccompanied young refugees upon resettlement in Norway. *International Journal of Educational Development, 41*, 245–254. <https://doi.org/10.1016/j.ijedudev.2014.10.009>
- Perez-y-Perez, M., Marin, L., Joseph, D. og Evans, N. (2011). The land of the long white unknown: The experiences of children and young people with a refugee or migrant background in Aotearoa New Zealand. *Te Awatea Review, 9*(1–2), 4–9.
- Pieloch, K. A., McCullough, M. B. og Marks, A. K. (2016). Resilience of children with refugee statuses: A research review. *Canadian Psychology, 57*(4), 330–339. <https://doi.org/10.1037/cap0000073>
- Rah, Y., Choi, S. og Nguyễn, T. S. T. (2009). Building bridges between refugee parents and schools. *International Journal of Leadership in Education, 12*(4), 347–365. <https://doi.org/10.1080/13603120802609867>
- Rauði krossinn. (e.d.). *Hælisleitendur*. Sótt af <https://www.raudikrossinn.is/hvad-gerum-vid/folk-a-flotta/haelisleitendur/>
- Rauði krossinn. (2016). *Sameiginleg yfirlýsing vegna barna sem leita verndar á Íslandi: Yfirlýsing Unicef, Barnaheilla, Umboðsmanns barna og Rauða krossins á Íslandi*. Sótt af <https://www.raudikrossinn.is/um-okkur/frettir/sameiginleg-yfirlýsing-vegna-barna-sem-leita-verndar-a-landi>
- Reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.
- Roxas, K. (2010). Who really wants “the tired, the poor, and the huddled masses” anyway? Teachers’ use of cultural scripts with refugee students in public schools. *Multicultural Perspectives, 12*(2), 65–73. <https://doi.org/10.1080/15210960.2010.481180>
- Spicer, N. (2008). Places of exclusion and inclusion: Asylum-seeker and refugee experience of neighbourhoods in the UK. *Journal of Ethnic and Migration Studies, 34*(3), 491–510. <https://doi.org/10.1080/13691830701880350>
- Strekalova, E. og Hoot, J. L. (2008). What is special about special needs of refugee children? Guidelines for teachers. *Multicultural Education, 16*(1), 21–24.
- Svensson, M. og Eastmond, M. (2013). “Betwixt and between”: Hope for the meaning of school for asylum-seeking children in Sweden. *Nordic Journal of Migration Research, 3*(3), 162–170. <https://doi.org/10.2478/njmr-2013-0007>

- Taylor, S. og Sidhu, R. K. (2012). Supporting refugee students in schools: What constitutes inclusive education? *International Journal of Inclusive Education*, 16(1), 39–56. <https://doi.org/10.1080/13603110903560085>
- Thomas, R. L. (2016). The right to quality education for refugee children through social inclusion. *Journal of Human Rights and Social Work*, 1(4), 193–201. <https://doi.org/10.1007/s41134-016-0022-z>
- Thoresen, P., Fielding, A., Gillieatt, S. og Thoresen, S. H. (2016). Identifying the needs of refugee and asylum-seeking children in Thailand: A focus on the perspective of children. *Journal of Refugee Studies*, 30(3), 426–446. <https://doi.org/10.1093/jrs/few028>
- Tonheim M., Derluyn, I., Rosnes, E. V., Zito, D., Rota, M. og Steinnes, A. (2015). *Rehabilitation and social reintegration of asylum-seeking children affected by war and armed conflict*. Stavangri: Senter for interkulturell kommunikasjon. Sótt af [https://www.udi.no/globalassets/global/forskning-fou\\_i/asyl/fou-rehab-reintegration-2015.pdf](https://www.udi.no/globalassets/global/forskning-fou_i/asyl/fou-rehab-reintegration-2015.pdf)
- Umboðsmaður barna. (2015). *Skólaganga barna haelisleitenda*. Sótt af <https://www.barn.is/frettir/2015/09/skolaganga-barna-haelisleitenda/>
- Umboðsmaður barna. (2017). *Skýrsla umboðsmanns barna 2016*. Sótt af <https://www.barn.is/media/489162/sub-2016.pdf>
- UNHCR. (e.d.). *Asylum-seekers*. Sótt af <http://www.unhcr.org/asylum-seekers.html>
- UNICEF. (2016). *Yfirlýsing frá UNICEF á Íslandi og Rauða krossinum á Íslandi vegna barna á flótta sem koma hingað til lands*. Sótt af <https://unicef.is/YfirlýsingfraUNICEFogRaudakrossinum>
- Útlendingastofnun. (e.d.a). *Helstu hugtök og skilgreiningar*. Sótt af <https://www.utl.is/index.php/helstu-hugtok>
- Útlendingastofnun. (e.d.b). *Réttindi og þjónusta við haelisleitendur*. Sótt af <https://www.utl.is/index.php/rettindi-og-thjonusta-vidh-haelisleitendur>
- Útlendingastofnun. (2017). *Tölfræði haelismála*. Sótt af <https://www.utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/toelfraedhi>
- Vaage, A. B. (2014). „Asylum-seeking children, mental health and child psychiatry services: Reflections from a project in south-western Norway.“ Í G. Overland, E. Guribye og B. Lie (ritstjórar), *Nordic work with traumatised refugees: Do we really care* (bls. 71–88). Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- van Ee, E., Kleber, R. J. og Mooren, T. (2012). War trauma lingers on: Associations between maternal posttraumatic stress disorder, parent–child interaction, and child development. *Infant Mental Health Journal*, 33(5), 459–468. <https://doi.org/10.1002/imhj.21324>
- Velferðarráðuneytið. (2008). *Upplýsingar um móttöku íslenskra stjórnvalda á hópum flóttafólks*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stokfrett/2008/05/22/Upplýsingar-um-mottoku-islenskra-stjornvalda-a-hopum-flotta-folks/>
- Vitus, K. (2010). Waiting time: The de-subjectification of children in Danish asylum centres. *Childhood* 17(1), 26–42. <https://doi.org/10.1177/0907568209351549>
- Whitmarsh, J. (2011). Othered voices: Asylum-seeking mothers and early years education. *European Early Childhood Education Research Journal*, 19(4), 535–551. <https://doi.org/10.1080/1350293x.2011.623540>

Wilder, S. (2014). Effects of parental involvement on academic achievement: A meta-synthesis. *Educational Review*, 66(3), 377–397. <https://doi.org/10.1080/00131911.2013.780009>

Greinin barst tímaritinu 9. júní 2017 og var samþykkt til birtingar 18. janúar 2018

## UM HÖFUNDANA

Helga Guðmundsdóttir (helgag83@gmail.com) starfar sem verkefnastjóri í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd hjá Rauða krossinum á Íslandi. Hún lauk B.Sc. í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2009 og M.A. í þróunarfræðum frá sama skóla árið 2016.

Geir Gunnlaugsson (geirgunnlaugsson@hi.is) er barnalæknir og prófessor í hnatt-rænni heilsu við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Geir er með doktorspróf í barnalækningum og meistarapróf í Lýðheilsuvísindum frá Karolinska institutet í Stokkhólmi. Rannsóknarsvið eru meðal annars brjóstgjöf, ofbeldi gegn börnum, smitsjúkdómar og ýmsir þættir heilsugæslu og forvarnarstarfs á Íslandi, í Gíneu-Bissá og víðar í Afríku sunnan Sahara.

Jónína Einarsdóttir (je@hi.is) er prófessor í mannfræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, með doktorspróf í mannfræði frá Stokkhólmsháskóla (2000). Rannsóknarsvið eru meðal annars mannfræði barna, heilsumannfræði og þróunarfræði. Hún hefur meðal annars stundað rannsóknir á viðbrögðum við barnadauða og mansali barna í Gíneu-Bissá og viðbrögðum við fæðingu fyrirbura, ofbeldi gegn börnum og siðnum að senda börn í sveit á Íslandi.

## “All I desire”: Education and access to school for asylum-seeking children in Iceland

### ABSTRACT

Asylum-seeking children are not a homogenous group, neither in cultural background nor length of formal education. Some have had normal education in their country of origin while others have experienced intermittent or no prior education. For them, the school is a way to obtain education, to know other children, and learn a new language. Attention also needs to be paid to their parents as they, for various reasons, have the responsibility for the decision to seek asylum and now face new and challenging circumstances, including how to educate their children. According to the Convention on the Rights of the Child, adopted into Icelandic law in 2013, children seeking asylum in Iceland have the right to attend school as other children at no cost. Since 2016, there has been a surge in the number of applications for asylum in Iceland, including families with children, as well as

unaccompanied children. The aim of the study is to describe and analyze the experience of families with children who seek asylum in Iceland with regard to their education and school attendance.

Applying qualitative research methodology, semi-structured interviews were held in May-December 2015 with 12 children (2–17 years) and 10 parents (25–60 years) who had sought asylum in Iceland. Three of the children had not started school at the time of the interviews. To facilitate the conversation, the children took own photographs to express themselves, made drawings, or used old ones. The participants were chosen through purposeful sampling, and included families who were waiting for the outcome of their application, had already gained refugee status, or had been granted humanitarian residence permit. Ethical permission was sought and given from indicated national authorities.

Attending school gives asylum-seeking children and their families' stability and meaning in daily life. Education was also seen as an important means to a better future. Some of the children had to wait some time until they could start their education in Iceland, and found it difficult and depressing, because they had no social contacts with peers and nothing to do. For them the days were monotonous and drawn-out. The participants, both parents and children, were in general positive towards the Icelandic educational system, including the teachers, the students and the school facilities. In addition to learning, the children felt the school was important for them to have social interaction with other children and to make friends, learn Icelandic and the new culture, and be engaged in positive and meaningful activities. They could also rely on the teachers while going through the stressful process of asylum seeking. Parents expressed interest in being involved in their children's education and school activities while at the same time they and their children were dealing with trauma, difficult past experiences, and mental health problems. This affected the parents' ability to support their children, as well as their children's school work.

The results of the study add evidence to the importance of school and education for children and families who seek asylum in Iceland. In line with the CRC and Icelandic law, asylum-seeking children should have access to normal education as soon as possible after arrival. Yet, many of them had to wait for weeks and even months before admission. In school, they need special attention without victimization and a subsequent risk of stigma. The parents are interested in becoming involved, but their participation is sometimes constrained because of language and cultural barriers. Teachers and other school employees need good support and clear guidance on how to improve their ability to meet the needs of asylum-seeking children and understand their stressful situation. It is urgent to formulate and implement a long-term policy regarding the education of children who seek asylum in Iceland.

Keywords: asylum seeking children, parents, education, school

## ABOUT THE AUTHORS

Helga Gudmundsdottir (helgag83@gmail.com) works for the Icelandic Red Cross as a project manager with asylum-seekers. She graduated as a nurse (B.Sc.) from the University of Iceland in 2009 and with a Master's degree (M.A.) in development studies in 2016 from the same school.

Geir Gunnlaugsson (geirgunnlaugsson@hi.is) is a paediatrician and professor of global health at the Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland. He has a PhD in paediatrics and a Master of Science degree in public health from the Karolinska Institute in Stockholm. Main fields of research include breastfeeding, child abuse, infectious diseases, primary healthcare and preventive work in Iceland, Guinea-Bissau, and elsewhere in sub-Saharan Africa.

Jonina Einarsdottir (je@hi.is) is professor of anthropology at the Faculty of Social and Human Sciences, University of Iceland and has a PhD in anthropology from Stockholm University. Main fields of research include anthropology of children, medical anthropology and development studies. She has, for example, studied responses to child death and child trafficking in Guinea-Bissau, and in Iceland premature birth, child abuse and the Icelandic custom of sending urban children to stay on farms during the summer.